| Nr.: GAT-045 | **Verkmenntaskólinn á Akureyri** | |
|---|---|---|
| Útgáfa: 07 | | |
| Dags.: 08.04.2010 | | |
| Höfundur: GLÁ | **HAG 103 (HAG 103)** **Kennsluáætlun (Haust 2010)** | |
| Samþykkt: HJS | | |
| Síða 1 af 3 | | |

| **Kennari** | Katrín Harðardóttir | **Sk.st.** | KAH |
|---|---|---|---|

**Áfangalýsing:** Í þessum áfanga er fjallað um rekstur fyrirtækja og rekstrarumhverfi þeirra. Fjallað er um grunnatriði hagfræðinnar sem varða nýtingu framleiðsluþáttanna og skilgreiningar mismunandi efnahagsheilda. Lögð er áhersla á að nemendur öðlist yfirsýn yfir fyrirtæki sem efnahagsheild og hvernig það þrífst í samkeppni við önnur fyrirtæki. Til þess að nemendur öðlist skilning á eðli og uppbyggingu fyrirtækja er farið yfir helstu þætti er varða innra skipulag og ytri aðstæður fyrirtækja. Þannig læra nemendur að flokka atvinnugreinar, kynnast umhverfi og starfsgrundvelli fyrirtækja, stefnumótun og markmiðssetningu, kostnaðargreiningu og grunnþáttum markaðsfræði og bókhalds.

**Markmið:**

- Að nemendur geri sér grein fyrir grunnhugmyndum rekstrarhagfræðinnar.
- Að nemendur þekki flokkun fyrirtækja eftir ýmsum aðferðum og helstu hagsmunaaðila þeirra.
- Að nemendur kynnist aðferðum sem notaðar eru í innra skipulagi fyrirtækja og framleiðslu.
- Að nemendur kynnist hugtökum í fjárhagslegum rekstri fyrirtækja og þjálfist í einföldum útreikningum.
- Að nemendur nái að tengja hugmyndir rekstrarhagfræðinnar við raunveru-legan rekstur og framleiðslu fyrirtækja.
- Að nemendur kynnist því viðskiptaumhverfi sem fyrirtæki búa við á Íslandi í dag.

**Námsgögn:** Helgi Gunnarsson: Rekstrarhagfræði fyrir framhaldsskóla. Lesbók og verkefnabók. Þriðja útgáfa 2008.

Blaðagreinar og annað sem kennari leggur fram í tímum.

**Kennsla:** Kennsla verður í formi fyrirlestra, verkefnavinnu nemenda - bæði einstaklingsvinnu og í hópum, heimsókn í fyrirtæki og kynningu nemenda á þeirri heimsókn.

**Áætlun um yfirferð:**

| Vika | Námsefni | Verkefni |
|---|---|---|
| 33-34 | 1. Kafli. Inngangur að hagfræði<br>2. Kafli. Fyrirtæki og stofnanir | Verkefni í verkefnabók sem á við hvern kafla fyrir sig. |
| 35 | 3. Kafli. Hagsmunaaðilar og markmið fyrirtækja og stofnana. 4. Kafli. Innra skipulag fyrirtækja | |
| 36 | 5. Kafli. Framleiðsla, 6.Kafli. Fjárhagsleg afkoma fyrirtækja | Vefverkefni |
| 37 | 6. Kafli. Fjárhagsleg afkoma fyrirtækja frh. | Kaflapróf úr köflum 1-5 |
| 38 | 7. Kafli. Rekstraráætlanir | |
| 39 | 7. Kafli. Rekstraráætlanir frh. | |
| 40 | 8. Kafli. Fjármögnun fyrirtækja, 9. Kafli. Innra bókhald fyrirtækja | |
| 41 | 10. Kafli. Sjálfskostnaðarútreikningar | |
| 42 | Fyrirtækjaheimsókn | |
| 43 | 11. Kafli. Kostnaðareftirlit | Kaflapróf úr köflum 6-10 |
| 44 | Fyrirlestrar nemenda | Nemendafyrirlestrar |
| 45 | 12. Kafli. Framlegðarútreikningar | |
| 46 | 13. Kafli. Fjárfestingaútreikningar | |
| 47 | 14. Kafli. Markaðssetning, 15. Kafli. Stefnumótun | Kaflapróf úr köflum 11-15 |
| 48 | Upprifjun | |

| Námsmat | Lýsing | Vægi |
|---|---|---|
| Skriflegt | Lokapróf. Nemendur þurfa að ná 5 á lokaprófinu til að vetrarvinna komi til einkunnar | 60% |
| Verklegt | Fyrirtækjaheimsókn og fyrirlestur | 15 |
| Skyndipróf | Kaflapróf | 20% |
| Frammistaða á önn | Mæting, ástundun í tímum, heimavinna og smáverkefni sem lögð eru fyrir | 5% |
| | Nemandi getur valið að sleppa lokaprófi , taki hann öll kaflaprófin 3 og fái 8 eða hærra í meðaleinkunn í þeim. Mæting hans verður einnig að vera 90% eða betri. Gildir þá vetrareinkunn sem lokaeinkunn.<br>Námsmat vetrarvinnu hjá lokaprófslausum: Kaflapróf 80% | |

| | | |
|---|---|---|
| | en önnur verkefni með sama vægi og hér að ofan | |

***með fyrirvara um breytingar**

**Dagsetning:**

**Undirritun kennara**

**Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils**